

6. gr.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf.

7. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

8. gr.

Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðarhverfum er meindýraeyði heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum flækingsköttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

9. gr.

Með brot á samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem nú halda ketti skulu sækja um undanþágu frá banni samkvæmt 1. gr. fyrir 1. desember 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 14. nóvember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 410/1990 um ullarmat.**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Heimilt er að meta nýtingarhlutfall ullar 2,5 prósentustigum hærra eða lægra en tilgreint er í 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 57/1990 um flokkun og mat á gærum og ull og öðast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Jón Höskuldsson.